

Til Landbúnaðarnefndar Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um innflutning nautasæðis til eflingar innlendri mjólkurframleiðslu, 370.mál,þingskjal 491,144.löggjafarþing 2014-2015.**

Undirritaður telur ýmsa vankanta á tillögu þessari til þingsályktunar og mælir eindregið gegn samþykkt hennar, m.a. af eftirtöldum ástæðum :

1) Íslenska mjólkurkýrin telst til þjóðargersema, eins og önnur landnámskyn búfjár, sem njóta alþjóðlegrar verndunar í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, sbr. Ríó-sáttmálann. Ekki hefur enn verið unnin verndunaráætlun um íslenska mjólkurkúakynið í samræmi við ákvæði reglugerðar um varðveislu og nýtingu erfðauðlinda í landbúnaði nr. 151/2005. Slík áætlun þarf að liggja fyrir áður en hugað er að innflutningi erfðaefnis. Því er tillaga um sæðingu íslenskra mjólkurkúa með innfluttu nautasæði til kynblöndunar vanhugsuð og óheimilt að gera slíkt með tilliti til framangreindra verndunarsjónarmiða.

2) Hvað sjúkdómavarnir varðar , og miðað við þá sérstöðu sem Ísland hefur í þeim efnum, er mun heppilegri leið að flytja inn fósturvísa fremur en sæði og þá inn á sóttvarnarstöð en alls ekki inn á venjuleg kúabú, fáist leyfi til innflutnings. Innflutningur erfðaefnis nautgripa er málefni sem varðar allar greinar búfjárræktar í landinu, ekki aðeins kúabændur.

3) Hlutur íslensku mjólkurkúnna er gerður verri en efni standa til í samanburði við erlend kyn. Munur á nyt er minni en fram kemur þegar leiðrétt er fyrir þunga og fóðurnotkun. Því miður skortir samanburðarhæf gögn um þetta. Þá er ekki tekið tillit til ýmissa annarra eiginleika svo sem þeirra er varða gæði og hollustu íslensku mjólkurinnar. Einnig er ljóst að samanburðarskýrslur sem birtar voru fyrir 14 og 19 árum geta vart talist boðlegar heimildir vegna þeirra miklu framfara sem hafa orðið í íslenska kúastofninum síðustu áratugin. Vaxandi fjöldu kúabænda nær mjög góðum árangri og svara þeir þannig kalli markaðarins eftir meiri mjólkurframleiðslu. Þar er íslenska mjólkurkúakynið greinilega ekki takmarkandi þáttur.

4) Því mati flutningsmanna tillögunar er mótmælt að samþykkt hennar eigi ekki að spilla verndargildi íslenska kúastofnsins. Á meðan ekki liggur fyrir verndaráætlun í samræmi við 1.lið hér að framan er ekki tímabært að kveða á um slíkt og verður því mat þeirra að teljast óskhyggja byggð á afar veikum grunni.

Undirritaður óskar eftir því að fá tækifæri til að koma á fund nefndarinnar til að gera nánari grein fyrir áliti sínu og umsögn um tillöguna.

Með vinsemd og virðingu,

Ólafur R. Dýrmundsson,  
180544-4889  
Jóruseli 12  
109 Reykjavík

Er fv. landsráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands og samningamaður þeirra í EES 1, fv. yfirkennari Framhaldsdeildarinnar á Hvanneyri, fv. fulltrúi Íslands í ERFPP-samstarfi um verndun erfðaeftnis búfjár í Evrópu, fv. og eini fulltrúinn sem Ísland hefur átt í stjórn Búfjarræktarsambands Evrópu (EAAP), nú fulltrúi Íslands í Evrópusambandshópi lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM EU Group), formaður Forystufjarræktarfélagss Íslands og sjálfstætt starfandi búvísindamaður með doktorspróf frá Aberystwyth University, Wales, UK.